



D Ó M U R

18. ágúst 2010

Mál nr. **S-198/2010:**

Ákærandi: Ríkissaksóknari

(Kolbrún Benediksdóttir aðstoðarsaksóknari)

Ákærði: X

(Ásgeir Örn Jóhannsson hdl.)

Réttargæsla: Arnbjörg Sigurðardóttir hdl.

Dómarar: Erlingur Sigtryggsson, Ólafur Ólafsson og Þorsteinn Davíðsson

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra miðvikudaginn 18. ágúst 2010 í máli

nr. S-198/2010:

Ákærvaldið

(Kolbrún Benediktsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Ásgeir Örn Jóhannsson hdl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 11. ágúst sl., höfðaði ríkissaksóknari 30. júní sl., með ákæru á hendur X;

„fyrir nauðgun, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 30. janúar 2010, á ofan greindu lögheimili sínu, haft samræði við A og við það notfært sér að A gat ekki spornað við verknaðinum sökum ölvunar og svefndrunga.

Telst þetta varða við 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 61/2007.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Í ákæru er getið bótakröfu A, sem krefst þess að ákærði verði dæmdur til að greiða sér 1.500.000 krónur, með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 30. janúar 2010 til 19. júní 2010, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara að verða dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa og að fangelsisrefsing verði bundin skilorði. Þá krefst hann þess að bótakröfu verði vísað frá dómi, til vara sýknu af henni en til þrautavara að hún verði lækkuð verulega.

I

Þegar þeir atburðir sem leiddu til þessarar málshöfðunar gerðust, bjuggu ákærði og systurnar A og B öll að Dómarar og sakflytjendur skoðuðu húsnæðið við aðalmeðferð málsins. Gengið er inn í litla forstofu á jarðhæð. Þaðan liggur gangur til vinstri og eru þar herbergi. Þjó ákærði í því fjærsta. Úr forstofunni liggur stigi upp á aðra hæð og tekur þar við gangur. Við enda hans er stofa, sem þá var sameiginlegt rými, með sófa og sjónvarpi, en nú er þar borðstofa. Til hægri eru dyr inn í eldhús og borðstofu, sem þá var, en nú er þar svefnherbergi. Til vinstri, þegar upp var komið, var herbergi A og B.

A og B höfðust við í húsinu að kvöldi 29. janúar 2010, einkum í stofunni. Þær neyttu áfengis, léku á hljóðfæri og horfðu á sjónvarp. A kveðst um kvöldið hafa farið í steypibað og eftir það klæðst náttbol og - að hana minnir - bleikum náttbuxum. Hún kveðst venjulega ekki hafa verið í nærbuxum innan undir náttbuxunum, en ekki muna eftir því sérstaklega hvort svo hafi verið í þetta sinn. B ber að systir hennar hafi verið í náttbol, náttslöpp og bleikum náttbuxum.

Ákærði var að heiman framan af kvöldi. Af samskiptum hans við systurnar eftir að hann kom heim er hermt að hann hafi boðið þeim áfengi. A þáði af honum áfengisblöndu. B kveður systur sína þá hafa verið orðna drukkna. Hafi hún farið á eftir henni í herbergi ákærða og fengið hana til að koma upp með sér. Kveður hún þær þá hafa komið sér fyrir í sófa í stofunni og horft á sjónvarp. A hafi sofnað í sófanum. Er hún hafi verið sofnuð að fullu kveðst B hafa farið ofan á ganginn á neðri hæðinni, þar sem hún gat tengt tölvu. Þegar hún hafi setið þar við tölvuna hafi ákærði gengið fram hjá henni. Hana hafi lengt eftir því að hann kæmi ofan og farið upp til að athuga um systur sína.

Ákærði ber að hann hafi farið í þetta sinn upp á efri hæðina til að taka mat úr frysti, til að elda daginn eftir. Liggur fyrir að matarbakki var í kælikápi, sem ákærði kveðst hafa sett þar í þessari ferð. Hann kveðst þá hafa séð inn í stofuna, hvar A lá á sófanum. Hafi hún legið á bakinu að mestu, en þó snúið ofurlítið til hliðar. Hún hafi verið í slöpp sem hafi flakað frá henni, en að öðru leyti verið nakin. Hann hafi án sérstakrar umhugsunar gengið til hennar til að breiða yfir hana eða leggja slöppinn utan um hana. Þá hafi B komið að og verið æst. Hann hafi ekki skilið það sem hún sagði og gengið til herbergis síns.

B lýsir aðkomu sinni svo að það fyrsta sem hún hafi fest sjónar á hafi verið afturendi ákærða, sem hafi verið nakinn til hálf. Ákærði hafi kropið við sófann og verið að hafa samfarir við A, sem hafi legið á grúfu á sófanum, með annan fótinn út fyrir bríkina. Hafi A legið í svipaðri stellingu er B skildi við hana skömmu fyrr. B kveðst vera algerlega viss um að ákærði hafi verið í samförum við systur hennar.

Hafi hún séð samfarahreyfingar hans og sér hafi ekki getað missýnst um þær. Hún kveðst hafa æpt að ákærða, en hann ekki hætt fyrr en hún hafi slegið í bak hans.

Hann hafi hreyft sig eins og hann væri að taka buxur upp um sig, staðið á fætur, fórnað höndum og síðan gengið á brott. Hún kveðst ekki hafa séð kynfæri hans og forðast að horfa í þá átt. Hún kveðst fyrst hafa haldið á eftir ákærða, en snúið við og ákveðið að hringja á lögreglu. Er hún hafi komið að systur sinni aftur hafi hún verið sest framan á. Hún hafi verið buxnalaus. Hún hafi þurft að hringja fyrst til vinkonu sinnar til að fá númer lögreglunnar. Meðan hún hafi sinnt símtölunum hafi systir hennar líklega farið inn í herbergi þeirra, þótt hún hafi ekki séð hana ganga þangað.

II

Samkvæmt skýrslu lögreglu var það um miðnætti sem B hringdi. Fóru á staðinn lögreglumennirnir C, D og E. Komu þeir allir fyrir dóm við aðalmeðferð málsins.

Liggur einnig frumskýrsla hins fyrstnefnda frammi í málinu. Þegar lögreglan kom lá A í rúmi sínu. Hún var í bol sem náði niður á mið læri og opinni peysu utan yfir honum. Hún var ekki í nærbuxum. B greindi lögreglu frá atvikum, efnislega á sama veg og rakið er hér að framan. Á meðan vaknaði systir hennar, en var illa áttuð, sýnilega ölvuð og kvaðst ekki hafa hugmynd um hvað gerst hefði. Ákærði var handtekinn klukkan 00:25. Skýrði D frá því að hann hefði ekki gegnt er lögregla knúði dyra að herbergi hans. Hann hefði þó verið vakandi er að honum var komið.

E og C fluttu ákærða á lögreglustöð og vistuðu hann í fangaklefa. Hinn síðarnefndi fór aftur á vettvang. Þeir D ræddu við systurnar og vildu fá A til að samþykkja að fara á neyðarmóttöku á ..., en hún kvaðst vilja sofa. Lögregla hafði samband við vakthafandi lækni á ..., F. Kom hún á vettvang. Eftir langa stund og miklar umræður féllst A á að fara í skoðun á sjúkrahúsinu á

Lögreglumenn fundu kvenmannsnærbuxur á baki sófans í stofunni. Kvaðst A eiga þær. Lögregla lagði hald á þær. Fyrir liggur að A var í bleikum náttbuxum við komu á sjúkrahús. Ekki hefur verið upplýst hvar þessar buxur voru er lögregla kom á vettvang.

Nefndur læknir, F, skoðaði A. Henni til aðstoðar var G hjúkrunarfræðingur. Báðar gáfu skýrslu fyrir dómi og einnig liggur frammi skýrsla F um skoðunina. Þótt ljóst sé að A var verulega ölvuð, voru einkenni þess ekki minnisstæð F og G. Lýsa þær ástandi hennar þannig að hún hafi verið eins og dofin, en þó svarað spurningum.

Engir áverkar greindust á henni nema marblettur á vinstri rasskinn. Óvíst er hve það mar var gamalt. Nánar greind sýni voru tekin. Síðari greining á þeim leiddi ekkert sérstakt í ljós. Sama er að segja um rannsókn á fatnaði hennar og ákærða, svo og greiningu á sýnum sem tekin voru af ákærða daginn eftir, þ. á m. strok

undan forhúð. Ö, sérfræðingur við tæknideild lögreglustjórans á höfuð borgarsvæðinu, greindi þó frá því fyrir dómi að útiloka mætti að ákærða hefði orðið sáðlát í greint sinn.

Alkóhólrannsókn var gerð á sermi í blóðsýni úr A og á blóðsýni og þvagsýni úr ákærða. Æ deildarstjóri skýrði niðurstöður þessara rannsókna fyrir dómi.

Samkvæmt framburði hennar sýndi rannsókn á serminu alkóhólinnihald sem svarar til 2,3% alkóhóls í blóði. Samanburður á niðurstöðum rannsókna á þvagsýni og blóðsýni úr ákærða sýndi að hann hefði einhvern tíma fyrr um nóttina verið með um 2,4% alkóhóls í blóði, en í blóðsýninu mældust 1,93% og í þvagini 3,03%.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 30. janúar sl. greindi A frá því að hún fyndi til eymsla í kynfærum, sem gæfu henni til kynna að hafðar hefðu verið við hana samfarir um nóttina. Við skýrslugjöf fyrir dómi staðfesti hún þetta og kvaðst þekkja þessa tilfinningu vel. Kvað hún hana jafnan koma til, ef hún hefði samfarir eftir nokkurt hlé. Er þetta atvik gerðist hefði nokkuð verið líðið frá því að hún hefði síðast haft samfarir. Sú tilfinning sem hún hefði haft 30. janúar hefði samrýmst því að samfarir hefðu verið hafðar við hana, en ekki lengi.

Við sömu skýrslugjöf hjá lögreglu kom fram hjá A að ákærði hefði áður áreitt hana kynferðislega með káfi eða þukli, jafnan ölvaður. Staðfesti hún þetta fyrir dómi. Einnig kvaðst B hafa orðið vitni að slíku. Ákærði kveður þetta vera rangt.

A hefur gengið til heimilislæknis, K. Liggur vottorð hans frammi í málinu og einnig kom hann fyrir dóminn til skýrslugjafar. Samkvæmt vottorðinu og framburði hans hafði hann A til meðferðar vegna þunglyndis fyrir þetta atvik. Segir í vottorðinu að hún hafi verið á góðum batavegi og verið að byggja sig upp. Eftir atvikið hafi hún fengið mikinn kvíða og vanlíðan, sjálfsmat hafi hrapað og hún hafi glímt við svefnleysi, þunglyndi og dauðahugsanir. Þremur mánuðum síðar hafi hún verið á batavegi en versnað undanfarið og glímt við þunglyndi og kvíða vegna fyrirhugaðrar meðferðar málsins fyrir dómi. Megi telja víst að atvikið hafi valdið henni verulegri vanlíðan og áfallastreituröskun. Sé sú vanlíðan enn til staðar og sjái ekki fyrir endann á henni.

Í nefndu vottorði kemur einnig fram að í viðtali 1. febrúar sl. hafi A verið með mar og eymsli aftan til á höfði hægra megin og rakið það til atviksins. Hér fyrir dómi staðfesti hún að hafa verið með kúlu á höfði, en kvaðst ekki vita hvað hefði orsakað hana.

III

Af hálfu ákæruvaldsins er á því byggt að sannað sé með vitnisburði B að ákærði hafi haft samræði við A. Vísar ákæruvaldið einnig til annarra gagna, sem það telur styðja þann vitnisburð. Ákærði byggir sýknukröfu sína á því að ósannað sé með þessum gögnum að hann hafi haft samfarir við stúlkuna. Hefur hann frá upphafi borið að fyrir sér hafi einungis vakað að breiða yfir hana þar sem hún lá í sófanum.

Ljóst er að A svaf ölvunarsvefni í sófanum. Hún kveðst ekki muna eftir komu ákærða í stofuna og ekki hafa vaknað fyrr en lögreglan var komin á staðinn.

Framburður B er skýr og ákveðinn um það að ákærði hafi verið að hafa samfarir við systur hennar er hún kom að. Lýsir hún því að buxur hans hafi verið niðri á miðjum rassi og hún hafi séð glöggt á hreyfingum hans að hann var að hafa samfarir. Hafi hann ekki hætt fyrr en hún sló í bak hans.

Dómurinn metur framburð B og viðbrögð hennar í framhaldi af því atviki sem hún kveðst hafa séð þannig, að ekki sé nein skynsamlega ástæða til að efa að hún segi satt og rétt frá því sem hún telur sig hafa séð. Kemur þá til athugunar hvort efa megi á skynsamlegan hátt að hún hafi séð rétt.

B kveðst þetta kvöld hafa neytt um fimm áfengra bjóra, frá því um klukkan fimm um daginn. Í frumskýrslu lögreglu er ekki getið um ástand hennar með tilliti til ölvunar. Sjálf kveðst hún ekki hafa verið mikið ölvuð, aðeins verið að fá sér bjór í rólegheitum. D ber að hún hafi verið „þokkalega skýr“ er lögregla kom á staðinn og greint skýrt frá atvikum. Sérstaklega spurður um ölvunarástand hennar kvað hann það alla vega ekki hafa verið þannig að það væri augljóslega til trafala og alls ekki þannig að ekki hafi verið mark á henni takandi. C ber að hún hafi ekki verið mjög ölvuð og kveðst raunar ekki geta fullyrt að hún hafi verið ölvuð. Hún hafi hins vegar verið reið. E ber að hún hafi ekki verið áberandi ölvuð, en verið í uppnámi.

Samkvæmt þessu verður ekki lagt til grundvallar að B hafi verið það ölvuð að varhugavert sé af þeim sökum að byggja á vitnisburði hennar.

Hvað lýsingu í stofunni varðar verður ráðið af framburðum að hún hafi komið annars vegar frá sjónvarpsskjá og hins vegar frá ljósi yfir borðstofuborði sem jafnan hafi verið tendrað. Þótt ætla megi af þessu að ekki hafi verið mjög bjart í stofunni, má einnig álykta að lýsing hafi þó verið næg til að B hafi hennar vegna getað greint rétt hvað ákærði aðhafðist, sérstaklega þegar þess er gætt að hún ber að hann hafi ekki látið af verknaðinum fyrr en hún sló í bak hans.

B getur sér þess til að allt að fimm mínútur hafi liðið frá því ákærði gekk framhjá henni á neðri hæð hússins, uns hún kom að honum uppi í stofunni. Ákærði telur að þetta hafi verið ein til tvær mínútur. B tók fram að hér hafi liðið nægilega löng stund til þess að hún fór að undrast fjarveru ákærða og ákvað að huga að systur sinni. Verður ekki ráðið af þessu að ekki hafi liðið nægilega löng stund til að ákærði gæti byrjað þá athöfn sem B kveðst hafa séð til hans.

B ber að A hafi um kvöldið verið klædd í bleikar náttbuxur. A kveðst sjálf ekki vera fullviss um að hún hafi klæðst þessum buxum, en telur að hafi hún gert svo, hafi hún venjulega ekki klæðst nærbuxum innan undir. Hún kveður annað ólíklegt en að hún hafi verið í nærbuxum, í því falli að hún hafi ekki verið í náttbuxunum. Framburður B hljóðar um að A hafi verið buxnalaus er hún sat í sófanum rétt eftir atvikið. Þá er frá því skýrt í frumskýrslu lögreglu að hún hafi ekki verið í nærbuxum þegar lögreglan kom. Kom þetta atriði einnig fram í framburði C fyrir dómi. Nærbuxur í eigu A fundust á baki sófans. Þá liggur fyrir að hún var í bleikum náttbuxum þegar hún kom í læknisskoðun, en hvorki hún né önnur vitni muna sérstaklega eftir því er hún fór í þær.

Með þetta í huga eru ekki skynsamleg efni til að gera ráð fyrir því að A hafi verið nakin að neðanverðu er hún sofnaði í sófanum hjá systur sinni. Enn fjarstæðara er að hún hafi sjálf klætt sig úr áður en ákærði kom að. Verður ekki fundin önnur skynsamleg skýring á klæðleysi hennar að þessu leyti rétt eftir atvikið en að ákærði hafi klætt hana úr, hvort sem þar var um að ræða náttbuxur, nærbuxur eða hvorttveggja.

Hér að framan er rakinn framburður A fyrir lögreglu daginn eftir atvikið og hér fyrir dómi um tilfinningu í kynfærum sem hún kannaðist vel við og tengdi eindregið við það að hafðar hefðu verið samfarir við hana. Styður framburður hennar um þessa tilfinningu það að B hafi ekki missýnst um það hvað ákærði hafðist að.

Þegar litið er til þess að ekki verður við það miðað að A hafi verið klædd með sama hætti er hún sofnaði í sófanum og er hún vaknaði aftur, eins og hér hefur verið reifað, svo og þess að hún lýsir því að hafa daginn eftir fundið til þess í kynfærum að hafðar hefðu verið við hana samfarir, þykir eindreginn framburður B fá mikilvæga stoð í þessum atriðum. Verður ekki við það miðað á skynsamlegum grundvelli að henni hafi missýnst um það hvað ákærði aðhafðist. Eru ekki efni til annars en að leggja framburð hennar til grundvallar þrátt fyrir neitun ákærða, en samkvæmt honum var ákærði að hafa samfarir við A er hún kom að. Með vísan til alkóhólmagns í blóði A og þess að þær B bera báðar að hún hafi verið sofnuð ölvunarsvefni í sófanum, verður ekki dregið í efa að ákærði nýtti sér það að hún var sofandi og ölvuð og gat ekki spornað við verknaðinum af þeim sökum. Varðar verknaður ákærða við 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 61/2007.

IV

Ákærði er á miðjum sextugsaldri. Hann hefur ekki sætt refsingum. Refsing hans þykir að málsatvikum virtum og með tilliti til refsimarka framangreinds hegningar lagaákvæðis hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði. Ekki eru efni til að skilorðsbinda refsinguna.

Ákærði verður dæmdur til að greiða brotþola miskabætur, með heimild í b- lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 53/1993, sbr. 13. gr. laga nr. 37/1999. Bótakrafa skipaðs réttar gæslumanns fyrir hönd brotþola er höfð uppi í ákæru og liggur greinargerð um hana frammi í málinu. Var krafan reifuð og rökstudd enn frekar við munnlegan málflutning. Þá liggur fyrir framangreint vottorð K lækni, þar sem fram kemur að brotþoli hafi átt við þunglyndi að stríða, en verið á batavegi er ákærði braut á henni. Telur lækirinn víst að árásin hafi stöðvað batann og valdið áfallastreituröskun og verulegri vanlíðan, sem enn sé til staðar. Verður ákærði dæmdur til að greiða brotþola 800.000 krónur í miskabætur, með vöxtum eins og krafist er.

Dæma ber ákærða til að greiða sakarkostnað. Samkvæmt yfirliti nemur hann 170.309 krónum, en þar er meðtalin greiðsla að fjárhæð 108.864 krónur inn á málsvarnarlaun. Aðrir kostnaðarliðir nema því 61.445 krónum. Málsvarnarlaun

skipaðs verjanda ákærða, Ásgeirs Arnar Jóhannssonar hdl., ákveðast í heild 558.475 krónur. Ferðakostnaður verjandans ákveðst í heild 42.027 krónur.

Réttargæslulaun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Arnbjargar Sigurðardóttur hdl. ákveðast 251.000 krónur.

Virðisaukaskattur er innifalinn í þessum fjárhæðum.

Kolbrún Benediktsdóttir aðstoðarsaksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Málið dæma héraðsdómararnir Erlingur Sigtryggsson, Ólafur Ólafsson og Þorsteinn Davíðsson.

D Ó M S O R Þ :

Ákærði, X, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði greiði A 800.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 30. janúar 2010 til 19. júní 2010, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 912.947 krónur í sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásgeirs Arnar Jóhannssonar hdl., 558.475 krónur, ferðakostnað hans, 42.027 krónur og réttargæslulaun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Arnbjargar Sigurðardóttur hdl., 251.000 krónur.